# AUGLÝSING

**um umferð í Borgarnesi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Borgarness eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Borgarnesi:

1. Bannað er að leggja ökutækjum við Þorsteinsgötu að norðanverðu frá Skallagrímsgötu og 60 metra í austur.
2. Biðskylda er á Bjarnarbraut gagnvart Brákarbraut.
3. U-beygja er bönnuð á gatnamótum Hrafnakletts og Borgarbrautar.
4. Biðskylda er á botnlögnum sem liggja að Bjarnarbraut gagnvart Bjarnarbraut.

Ákvæði auglýsingar þessar taka gildi þegar í stað.

*Lögreglustjórinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 28. nóvember 1989.*

**Rúnar Guðjónsson.**

Nr. 556 22. nóvember 1989

# REGLUR

**um gerð ársreiknings verðbréfasjóðs og ársreiknings verðbréfafyrirtækis.**

1. gr.

Hver verðbréfasjóður og hvert verðbréfafyrirtæki skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár, sem ákveðið skal í samþykktum þeirra. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar. Ársreikningur verðbréfasjóðs skal auk þess hafa að geyma skýrslu löggilts endurskoðanda þar sem m.a. komi fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu.

2. gr.

Rekstrarreikningur skal gerður þannig, að hann gefi, með hliðsjón af rekstri félagsins, skýra mynd af því hvernig hagnaður eða tap reikningsársins hefur myndast.

3. gr.

Efnahagsreikningur verðbréfasjóðs skal gerður þannig að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum og eigin fé í lok reikningsárs. Semja skal sérgreindan rekstrar- og efnahagsreikning fyrir verðbréfasjóð sem starfar í aðgreindum deildum.

4. gr.

Efnahagsreikningur verðbréfafyrirtækis skal gerður þannig að hann gefi skýra mynd af eignum, skuldum, eigin fé og ábyrgðum í lok reikningsárs.

5. gr.

Við mat á eignum verðbréfasjóðs/verðbréfafyrirtækis skal reikna niðurfærslu með hliðsjón af almennri áhættu sem tengist starfseminni.

6. gr.

Í skýringum með ársreikningi skal gefa upplýsingar um reikningsskilaaðferðir og annað sem máli skiptir við mat á afkomu og efnahag.

7. gr.

Í skýringum með ársreikningi verðbréfasjóðs skal, auk þess sem krafist er samkvæmt 6. gr., gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísan til viðeigandi liða í ársreikningi. Fyrir verðbréfasjóð sem starfar í aðgreindum deildum skulu upplýsingarnar ná til einstakra deilda hans.

1) Hlutfallslega skiptingu á verðbréfaeign eins og gert er ráð fyrir í ársfjórðungslegu efnahagsyfirliti samkvæmt 2. mgr. 33. gr. laga nr. 20/1989.
2) Hlutfall lauss fjár af innlausnarverðmæti verðbréfa í sjóðnum í lok reikningsárs sbr. skilgreiningu á lausu fé verðbréfasjóðs skv. 29. gr. laga nr. 20/1989.
3) Hlutfall skammtímalána af eignum verðbréfasjóðs sbr. 27. gr. laga nr. 20/1989.
4) Gengi hlutdeildarbréfa í lok reikningsárs og ávöxtun síðustu 3, 6 og 12 mánuði.

8. gr.

Í skýringum með ársreikningi verðbréfafyrirtækis skal, auk þess sem krafist er í 6. gr., gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísan til viðeigandi liða í ársreikningi.

1) Hlutfall eigin fjár verðbréfafyrirtækis af höfuðstól verðbréfasjóðs eða samanlögðum höfuðstól þeirra verðbréfasjóða sem verðbréfafyrirtækið rekur sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 20/1989.
2) Hlutfall eigin fjár verðbréfafyrirtækis af útistandandi sölutryggingu verðbréfa sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 20/1989.

9. gr.

Í ársskýrslu skal gefa upplýsingar um atriði, sem eru mikilvæg við mat á fjárhagslegri stöðu og afkomu félagsins á reikningsárinu og ekki koma fram í efnahags- eða rekstrarreikningi eða skýringum með þeim. Þetta á einnig við um mikilvæg atriði, sem fram hafa komið eftir lok reikningsársins.

10. gr.

Senda skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands endurskoðaðan ársreikning verðbréfasjóðs í síðasta lagi 30 dögum eftir undirritun hans og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Endurskoðaður ársreikningur verðbréfasjóðs skal liggja frammi í starfsstöðvum viðkomandi verðbréfafyrirtækis og vera aðgengilegur fyrir viðskiptamenn. Meginniðurstöður ársreiknings verðbréfasjóðs skal birta opinberalega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu einnig liggja frammi í starfsstöðvum viðkomandi verðbréfafyrirtækis og vera aðgengilegar fyrir viðskiptamenn.

11. gr.

Senda skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands endurskoðaðan ársreikning verðbréfafyrirtækis í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

12. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 30. gr. laga nr. 20/1989, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 22. nóvember 1989.*

**Jón Sigurðsson.**

*Björn Friðfinnsson.*